

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar


FUNDARBOÐ – 331. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 19. mars 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Tímabundin heimild til að víkja frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarstigs almannavarna og nota fjarfundabúnað á fundum bæjarstjórnar og nefnda Snæfellsbæjar.
- 2) Fundargerð
- 3) Arsreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2019. Fyrri umræða.
- 4) Fundargerð 135. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 26. mars 2020.
- 5) Fundargerð 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. mars 2020.
- 6) Fundargerð 421. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 20. mars 2020.
- 7) Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 30. mars 2020, varðandi breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag vegna golfvallar sunnan Rifs.
- 8) Bréf frá Íslandshótelum hf. og Vestureignum ehf., dags. 26. mars 2020, varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignaskatts í apríl og maí 2020.
- 9) Bréf frá Brunabótarfélagi Íslands, dags. 16. mars 2020, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2020.
- 10) Bréf frá Breiðafjardarnefnd, dags. 30. mars 2020, varðandi athugasemdir við kynningarfundir Breiðafjardarnefndar um framtíð Breiðafjardar og framögöngu, yfirlysingar og stefnu nefndarinnar.
- 11) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. mars 2020, varðandi aðgerðir til viðspyrnu við íslenskt atvinnulíf í ljósi samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum.
- 12) Minnisblað frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 24. mars 2020, varðandi COVID-19, viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa.
- 13) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2020, varðandi aðgerðaáætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf heimili – COVID-19.
- 14) Bréf frá MAST, dags. 26. mars 2020, varðandi veirusjúkdóm í kanínum.
- 15) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 31. mars 2020
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík 19. mars 2020
2003039SA BG/VRB
Málalykill: oo.64

Efni: Leiðbeiningar vegna fjarfunda hjá sveitarfélögum

Alþingi hefur samþykkt breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins.

Samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, sem gildir til 18. júlí 2020, er sveitastjórnnum heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir:

- Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
- Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.
- Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
- Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
- Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10 og 11. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins, frá 15. janúar 2013, um ritun fundargerða, nr. 22/2013.

Til að virkja þessar heimildir þarf sveitastjórn að taka um það sérstaka ákvörðun en slíkar ákvarðanir er heimilt að taka á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Hagnýt atriði til að hafa í huga við undirbúning fjarfunda:

- Sveitarstjórnarfundir eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum. Er því mikilvægt að sveitarstjórnarfundir séu áfram opnir fyrir almenning jafnvel þótt þeir fari fram í gegnum fjarfundabúnað. Besta mögulega framkvæmd væri að streyma fundum beint en sé þess ekki kostur er hægt að gera upptökur af fundi aðgengilegan eins fljótt og mögulegt er eftir að fundi líkur.
- Einföld leið til að staðfesta fundargerðir er að fundargerð sé deilt með öllum fundarmönnum á skjá í lok fundar og lesin yfir. Þegar allir fundarmenn eru samþykkir ber fundarmönnum að senda í tölvupóst til fundarritara þar sem fram kemur að þeir staðfesti fundargerð fundarins. Koma skal fram númer fundarins, heiti stjórnar/nefndar/ráðs og nafn þess er staðfestir fundargerðina. Frágangur fundargerðar ásamt tölvupóstum er staðfesta fundargerð skal vera með sama hætti og venjulega.
- Hvatt er til þess að áður en formlegur fundur fari fram séu fundarmenn og starfsmenn fundarins búni að prufa fundarkerfin og tryggja að allir kunni þau tæknilegu atriði sem nauðsynleg eru til þess að fjarfundur geti verið árangursríkur.
- Skynsamlegt gæti verið bjóða starfsmönnum að vera þátttakendur á fundinum þannig að starfsmenn geti þá séð um að deila gögnum á skjá með fundarmönnum eða hugsanlega deila skjá fyrir streymi.
- Mikilvægt er að opna fundinn tímanlega áður en fundur hefst svo allir fundarmenn geti komið sér fyrir og tryggt að allur búnaður virki. Gott viðmið er að opna fund 20-30 mínútum áður en fundur hefst og að fundarmenn skrái sig inn 10-15 mínútum áður en fundur hefst.
- Verið búin að fara yfir hagnýt atriði varðandi fundarstjórn. Mjög gott er að nota spjallþræði til að biðja um orðið og að fundarstjóri fylgist þannig með hver hefur óskað eftir orðinu. Einnig er hægt að rétta upp hönd ef spjallþráður er ekki til staðar í því forriti sem notað er.
- Hvatt er til þess að fundarstjóri sé með two skjái. Þá er hægt að fylgjast með fundinum á öðrum skjánum sem og spjallþræði til að fylgjast með hver vill orðið en nota hinn skjárinna fyrir fundargögn er skoða þarf meðan á fundi stendur.
- Best fer á því að fundarstjóri geti einbeitt sér að fundarstjórn en að einhver annar sjái um að deila fundargögnum á skjá ef það á við og taka fundargerð.

Hagnýt atriði fyrir fundarmenn

- Tryggið að internetsamband sé gott, að tölvubúnaður og heyrnartól séu fullnægjandi. Besta mögulega framkvæmd er að hafa two tölvuskjái þannig að hægt er að hafa fundinn á einum skjá en fundargögn á öðrum skjá. Einnig er hægt að skipta skjánum í tvennt. Æskilegt er að vera með góð heyrnartól sem einnig eru með hljóðnema.
- Besta mögulega framkvæmd er að fundarmenn séu einir í herbergi og aðrir aðilar geti ekki gengið inn meðan á fundi stendur. Er þetta sérstaklega mikilvægt ef til umræðu eru trúnaðarmál.
- Notið myndarvél til staðfestingar á því að réttir fundarmenn séu að sitja fundi. Best er að staðsetja myndarvél í augnhæð.
- Sé um lokaðan fund að ræða, sérstaklega fund þar sem trúnaðarmál eru rædd s.s. barnaverndarfund, er besta mögulega framkvæmd að hver og einn fundarmaður snúi myndavél í hring um herbergið til staðfestingar á því að enginn annar sé til staðar er getur heyrt það sem fer fram á lokuðum fundi. Gæta skal að því að jafnvel þótt fundarmenn noti heyrnartól þá heyrist tal þeirra til allra sem eru í sama rými.
- Best er að hafa ljós fyrir framan fundarmenn eða til hliðar en ekki sterka baklýsingu. Vel upplýst herbergi er æskilegt svo fundarmenn geti auðveldlega séð við hvern er verið að tala.
- Það er góð venja að slökkva á hljóðnema allra fundarmanna nema þess sem er að tala hverju sinni. Pannig má lágmarka truflun. Fundarstjóri gefur fundarmönnum orðið eftir óskum fundarmanna. Lykilatriði er þó að muna að kveikja aftur á hljóðnema áður en ræðuhöld hefjast.
- Fjarfundir bjóða upp á þann möguleika að fundarmenn geta sótti fundi heiman frá. Þó er æskilegt að fundarmenn reyni eftir bestu getu að vera snyrtilega klæddir og umhverfið sem sést í mynd sé snyrtilegt, sérstaklega þegar um er að ræða sveitarstjórnarfundi sem eru opnir fundir.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna.

Vakin er athygli á því að ráðuneytið hefur gefið út auglýsingu um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna. Prátt fyrir að ráðuneytið hafi vikið frá þeim skilyrðum laga um hvenær megi halda fjarfund og hversu margir geti verið á fjarfundi hverju sinni þá gilda aðrar leiðbeiningar er koma fram í auglýsingunni áfram. Sérstaklega er vakin athygli á eftirfarandi atriðum:

- Mikilvægt er að tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi hvort sem þeir eru viðstaddir eða taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Í því felst að tryggja þarf jafna möguleika þeirra til að biðja um orðið og tjá sig, taka þátt í atkvæðagreiðslu og bóka afstöðu sína til mála.
- Ef gögn eru lögð fram á fundi vegna mála sem eru á dagskrá fundarins, skal tryggja að sveitarstjórnarmaður sem situr fund í gegnum fjarfundarbúnað geti kynnt sér gögnin. Einnig þarf að tryggja að fundarmenn eigi jafna möguleika á að fylgjast með kynningum á mynd- eða talnaefni, ef um slíkt er að ræða.
- Leynilegar atkvæðagreiðslur geta ekki farið fram ef einhver fundarmanna tekur þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.
- Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana. Hið sama gildir um aðra þá sem fylgjast með fundi, sé um opinn fund að ræða.
- Sé ekki mögulegt að hafa fundarmann sýnilegan getur hann tekið þátt í fundinum í gegnum síma, enda sé því ekki mótmælt af öðrum fundarmönnum og það tryggt að allir fundarmenn heyri vel í honum.
- Mikilvægt er að tryggja öryggi í samskiptum á milli fundarmanna þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem rædd eru á lokuðum fundi.
- Ef fjarfundarbúnaður bregst á fundi skal gert fundarhlé. Fundi verður ekki fram haldið fyrr en samband hefur náðst á ný eða varamaður tekið sæti á fundinum.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drífa Skúladóttir Halldór
Kristinsson Illugi Jens Jónasson
Davíð Viðarsson Magnús
Eiríksson Kristjana
Hermannsdóttir

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 135135. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 26. mars 2020
og hófst hann kl. 09:30.**

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson og Kristjana Hermannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Golfvöllur sunnan Rifs_Breyting á aðalskipulagi - 1904007

Lagt fram að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting felist í að óbyggðu svæði sunnan Rifs er breytt í fþróttasvæði (Íþ-3) þar sem fyrirhugaður golfvöllur mun verða. Breyting verður á þéttbýlisupprætti Hellissands/Rifs og greinargerð. Tillagan var auglýst frá 6. febrúar til 19. mars 2020. Engar athugasemdir bárust en umsangir bárust frá Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Isavia, Rarik, Vegagerðin og Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsnes.

Umhverfis- og skipulagsnefnd mælist til við bæjarstjórn samþykki aðalskipulagsbreytinguna. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu, og einnig falið að svara þeim aðilum sem gerðu umsagnir og/eða athugasemdir.

Samþykkt

2. Golfvöllur sunnan Rifs_Nýtt deiliskipulag - 2001005

Lagt fram að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 41. gr skipulagslaga. Tillagan var auglýst samhliða aðalskipulaginu frá 6. febrúar til 19. mars 2020. Engar athugasemdir bárust en umsögnir bárstu frá sömu aðilum og við aðalskipulagsbreytingu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd mælist til við bæjarstjórn samþykki deiliskipulag. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu, og einnig falið að svara þeim aðilum sem gerðu umsagnir og/eða athugasemdir.

Samþykkt

3. Ennisbraut 11_Sundlaug, breytingar innanhúss - 2003001

Sótt er um stækkun á aðstöðu Sólarsports. Fyrirhugað er opna vegg yfir í Sólarsport, setja golf yfir áhorendapalla og loka með vegg og gluggum að sundlaug.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að brunavarnir verði uppfylltar.

HMK

777

AJ

B3

MZ

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

4. Túnberg_fyrirspurn um viðbyggingu skv. teikningu - 2003002

Lúðvík Ver Smárason sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Davíðs Óla Axelssonar vegna fyrirhugaðar viðbyggingar. Um er að ræða 38 fermetra stækkun til austurs við húsið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Leitað verður umsagnar hjá Vegagerðinni vegna málsins. Nefndin bendir að á skoða þarf umferðarskipulag á lóð, þannig að ekki verði bakkað út á þjóðveg frá lóðinni.

Jákvætt

5. Grundarslóð 12_Porgeir Guðmundsson sækir um stöðuleyfi - 2003006

Porgeir Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi að Grundarslóð 12 vegna útgerðar sinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi.

Samþykkt

6. Skógræktarfélag Ólafsvíkur_Umsókn um 2 skilti - 2003004

Vagn Ingólfsson, formaður Skógræktarfélags Ólafsvíkur, sækir um fyrir hönd félagsins um leyfi til þess að setja upp tvö skilti vegna merkingar á svæði sínu. Annað skiltið yrði ofan við tjaldsvæði hjá Rjukandavirkjun og hitt skiltið í vesturenda svæðisins við reiðveginn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið en óskar eftir upplýsingum um stærð og útlit skilta.

Jákvætt

7. Eyri - leyfi fyrir framkvæmdum - 2003007

Kjartan Sigurbjartsson sendir inn erindi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Eyri á Arnarstapa. Farið er á leit við umhverfis- og skipulagsnefnd vegna óvissu um framkvæmdir við húsið að verkið verði unnið í nánu samstarfi við byggingarfulltrúa og verkteikningum verði skilað inn jöfnum höndum sem framvindu líður og aðalteikningum verði skilað inn við verklok. Ákvarðanir um frávik frá núverandi hæðum og stærðum verði alltaf bornar undir umhverfis- og skipulagsnefnd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en ítrekar að framkvæmdir sem lúta að byggingarreglugerð verði sendar inn til samþykktar og verkið verði unnið í nánu samráði við byggingarfulltrúa.

Samþykkt

8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2020 - 2002014

Gámar

- Kynnt nefndinni

Svar frá bæjarstjórn vegna fyrirspurnar

- Kynnt nefndinni

Starfsmannamál

- Kynnt nefndinni

77

AS

MÍK

M.E

B

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.

Jóhann Þorláksson
Krisanna Hornemann
Halldór Þór
Mársi Þórhilmarsson

Fundargerð 880. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 27. mars kl. 09:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Pór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarinn Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 879. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 879. fundar stjórnar sambandsins frá 28. febrúar 2020.

Fundargerðin var staðfest og verður undirrituð á næsta fundi.

2. Minnispunktar af upplýsingafundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna viðbragða sveitarfélaga vegna Covid-19 - 2003041SA

Lagðir fram til kynningar minnispunktar frá upplýsingafundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna viðbragða sveitarfélaga vegna Covid-19 frá 16. mars 2020.

3. Siðanefnd sambandsins - 1801019SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 24., 25. og 26. fundar siðanefndar sambandsins frá 10. september, 21. október 2019, og 10. mars 2020.

Gunnar Einarsson kom inn á fundinn kl. 09:15 og Heiða Björg Hilmisdóttir kl. 09:20.

4. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjál minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 24. mars 2020, um stöðu kjaramála í mars 2020.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vill þakka samninganefnd sambandsins sérstaklega fyrir virkilega góð störf á seinstu vikum og mánuðum.

5. Kjarasamningar 2020 - 1911093SA

Lagðir fram til staðfestingar kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga BSRB, dags. 8. mars 2020 og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 9. mars 2020, Félags skipstjórnarmanna, dags. 20. mars 2020. Einnig er og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 25. mars 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningum á samningunum, ásamt kynningum á samningunum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða samningana og fagnar því að samningar hafi náðst sem byggja á lífskjarasamningunum sem almennur samhugur er um í þjóðféluginu.

6. Aðgerðaáætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili - COVID-19 - 2003041SA

Lagðar fram hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við þjóðarbúskapnum, sem sendar voru til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasantaka sveitarfélaga 19. mars 2020, ásamt samantekt framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 25. mars 2020, um stöðu verkefna í aðgerðarpakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum, og kynningu sambandsins, dags. 1. mars 2020.

Einnig lagt fram bréf Félags atvinnurekenda, dags. 19. mars 2020, um niðurfellingu og lækkun fasteignagjálda vegna COVID-19 faraldursins.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ánægju með að þær aðgerðir sem sambandið hefur lagt fram hafi nýst sveitarfélögum. Stjórn leggur áherslu á að áfram verði unnið að framgangi þeirra í samráði við ríkisstjórn og að fylgst verði vel með þróun mála og nýjar hugmyndir mótaðar eftir því sem fram vindur. Stjórn hvetur jafnframt sveitarfélögjum til að móta frekari hugmyndir sem nýtast atvinnulífinu og íbúum á þessum erfiðu tímum í sínu nærsamfélagi.

Stjórn sambandsins þakkar Félagi atvinnurekenda fyrir erindið og hefur skilning á þeim vanda sem atvinnulífið glímir nú við og beinir því til sveitarfélaga að huga vel að þeim leiðum sem sambandið hefur nú þegar lagt til. Stjórn vill taka sérstaklega fram að um er að ræða fyrstu viðbrögð og verður fylgst vel með þróun mála og brugðist við ef þurfa þykir.

7. Ábendingar við frumvarp til fjáraukalaga 2020 og aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna COVID-19 - 2003041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 23. mars 2020, um ábendingar við frumvarp til fjáraukalaga 2020 og aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna COVID-19, 683. og 695. mál.

8. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingará tak - 2003046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 26. mars 2020, um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingará tak, 699. mál.

9. Kennarasamband Íslands - 2003029SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Kennarasambands Íslands, dags. 20. mars 2020, um svar í framhaldi af fundi 19. mars 2020, ásamt svari Kennarasambands Íslands, dags. 22. mars 2020, um málið.

10. Skólaganga barna á tímum COVID-19 faraldurs - 2003029SA

Lagt fram bréf Embætti landlæknis til skólastjórnenda, kennara og foreldra, dags. 24. mars 2020, um skólagöngu barna á tímun COVID-19 faraldurs.

11. Tilnefning í samstarfsnefnd um verkefni og áherslur náttúrustofa - 2002019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. mars 2020, þar sem Ólafur Einar Lárusson, kennari í Grunnskóla Vestmannaeyja og formaður stjórnar Náttúrustofu Suðurlands, og Margrét Hólms Valdsdóttir, útibússtjóri útibús Íslandsbanka á Húsavík og stjórnarmaður Náttúrustofu Norðausturlands, eru tilnefnd í samstarfsnefnd um verkefni og áherslur náttúrustofa.

12. Tilnefning í starfshóp um heimavistarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanemendur - 2003009SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 5. mars 2020, þar sem Einar Freyr Elínarson, ferðaþjónustubóndi og oddviti Mýrdalshrepps, er tilnefndur í starfshóp um heimavistarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanemendur.

13. Tilnefning í samráðshóp um skólahald vegna heimsfaraldurs kórónaveiru - COVID-19 - 2003024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11. mars 2020, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samráðshóp um skólahald vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (COVID-19), og Pórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, til vara.

14. Tilnefning í nefnd til ráðgjafar um langtímastefnumótunar um starfsemi Menntamálastofnunar - 2003018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2020, þar sem Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, er tilnefndur sem aðalmaður í nefnd til ráðgjafar um langtímastefnumótunar um starfsemi Menntamálastofnunar, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

15. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna - heimildir aðila utan EES-svæðisins o.fl. - 2002014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2020, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna (heimildir aðila utan EES-svæðisins o.fl.), mál nr. S-34/2020.

16. Umsögn um skýrslu um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda - 2003001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. mars 2020, um skýrslu um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda - starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta.

17. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum - skráningarskylda, langtímaleiga og hækkun leigufjárhæðar - 2002046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. mars 2020, um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (skráningarskylda, langtímaleiga og hækkun leigufjárhæðar), mál nr. 52/2020.

18. Umsögn um reglugerð um vernd landbúnaðarlands - 2002032SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. mars 2020, um drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands, mál nr. S-29/2020.

19. Umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjelasafns - 2002024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 12. mars 2020, um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjelasafna, mál nr. 32/2020.

20. Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví - COVID19 - 2003034SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 17. mars 2020, um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera síktir, 667. mál.

21. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar - 2002047SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. mars 2020, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 311. mál.

22. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 75/2011 - 2003023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 19. mars 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, mál nr. 65/2020.

Fundi var slitið kl. 11:00

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmsdóttir

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 421. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, föstudaginn 20. mars kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Rebekka Hilmarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA

Lagt fram vinnuskjal fræðslunefndar varðandi tillögur að dagskrá hafnasambandsþings sem halddið verður í Ólafsvík 24.-25. september 2020.

Fræðslunefnd falið að vinna áfram að undirbúningi.

2. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 22. fundar Siglingaráðs frá 6. febrúar 2020.

Björn Arnaldsson kom inn á fundinn kl. 12:15.

3. Sóttvarnir - 2001002HA

Farið var yfir stöðu mála varðandi sóttvarnir.

4. Frumvarp um breytingar á lögum um skráningu skipa - 2003001HA

Lögð fram til kynningar drög að frumvarpi til laga um skip, mál nr. 44/2020.

Stjórn Hafnasambands Íslands mun ekki skila inn umsögn vegna málsins þar sem breytingarnar eru óverulegar og varða ekki hafnir almennt.

5. Endurtilnefning í mengunarvarnaráð - 1809004HA

Lögð fram tillaga um að tilnefna Birgittu Rúnarsdóttur verkefnisstjóra hjá Fjarðabyggðarhöfnum í mengunarvarnarráð í stað Jóns Björns Hákonarsonar frá Fjarðabyggðarhöfnum.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 12:30

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Valur Rafn Halldórsson



SNÆFELLSBÆR

Par sem jökulinn ber við loft...

Bt.

Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

30. mars 2020, Snæfellsbæ.


Efni: Breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag vegna golfvalar sunnan Rifs


Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 lögð fram að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting felst í að óbyggðu svæði sunnan Rifs er breytt í íþróttasvæði (Íþ-3) þar sem fyrirhugaður golfvöllur mun verða. Breyting verður á þéttbýlisupprætti Hellissands/Rifs og greinargerð. Tillagan var auglýst frá 6. febrúar til 19. mars 2020. Engar athugasemdir bárust en umsangir bárust frá Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Isavia, Rarik, Vegagerðinn, Náttúrufræðistofnun Íslands og Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness.

Einnig er nýtt deiliskipulag vegna golfvallar lagt fram að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 41. gr skipulagslaga. Tillagan var auglýst samhliða aðalskipulaginu frá 6. febrúar til 19. mars 2020. Engar athugasemdir bárust en umsagnir bárustu frá sömu aðilum og vegna aðalskipulagsbreytingar.

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 26. mars sl. voru skipulagstillögur teknar fyrir og bókað í báðum tillfellum að mælast til við bæjarstjórn að samþykka aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag, ásamt svörum til umsagnaraðila. Eðli svara til umsagnaraðila kalla ekki á breytingu á tillögum, sjá fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, umsagnir umsagnaraðila og tillögu að svarblaði til umsagnaraðila.

Virðingarfyllst,


Davíð Viðarsson
Skipulags- og byggingarfultrúi



Fylgiskjöl:

Aðalskipulagsupprættur
Deiliskipulagsupprættur
Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 26. mars 2020
Umsögn Svæðisskipulagsnefndar Snæfellsness
Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
Umsögn Isavia
Umsögn Náttúrufræðistofnunnar Íslands
Umsagnir Minjastofnunnar Íslands
Umsögn Rarik
Umsögn Umhverfisstofnunnar Umsögn Vegagerðarinnar
Tillaga að svörum til umsagnaraðila



Snæfellsbær
b.t. sveitarstjórnar
Klettsbúð 4
Snæfellsbæ

Reykjavík, 26. mars 2020

Efni: Beiðni um niðurfellingu fasteignaskatta hjá Snæfellsbæ í apríl og maí 2020

Nú þegar heimsfaraldur geisar vegna kórónuveirunnar (SARS-CoV-2) sem veldur COVID-19 sjúkdómnum, ríkir algjör óvissa um afkomu ferðapjónustunnar sem og rekstur Íslandshótela og Vestureigna (dótturfélag Íslandshótela). Hafa nær öll ríki hins vestræna heims gripið til þeirra mest íþyngjandi úrræðna sem þeim er unnt m.a. með því að setja á útgöngubönn, loka landamærum, skólum, stofnunum, jafnvel fyrirtækjum og fyrirskipað þegnum sínum að halda sig heima við. Hefur nær allt farþegaflug bæði á Vesturlöndum og öðrum heimshlutum lagst af og má ætla að því ljúki með öllu fyrir næstu mánaðarmót líkt og utanríkisráðherra hefur látið hafa eftir sér. Staðan verður þá þannig að það verður flogið með frakt á milli landa. Tekst heimþyggið nú á við stríðsástand og verkefni sem eiga sér ekki hliðstæðu nema e.t.v. í seinni heimstyrjöldinni.

Í þessum fordæmalausu aðstæðum má öllum ljóst vera að hótelrekstur, sem þrífst nær alfarið á þeirri forsendu að ferðamenn komi til landsins, getur ekki haldi áfram starfsemi. Íslandshótel og Vestureignir hafa verið svipt nær öllum tekjum sínum og alveg ljóst að það ástand mun vara a.m.k. næstu tvo mánuði. Íslandshótel og dótturfélög, sem reka 17 hótel hringinn í kringum landið, þar af 6 hótel í Reykjavík, hefur nú þegar eða er þessa daganna að loka hótelum sínum enda engir ferðamenn á Íslandi og þar með engar forsendur til að halda hótelunum opnum. Þegar bréf þetta er ritað liggur það fyrir að hótelunum verður lokað fram til 1. júní nk.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að staðan sem hér að ofan er lýst er sannarlega ófyrirséð, óstýranleg og óvænt. Atvinnufyrirtækjum sem með öllu er svipt tekjum sínum er ókleift að efna skyldur sínar enda munu hótelum hvorki berast bókanir né tekjur á meðan framangreint ástand varir.

Fasteignaskattar og fasteignagjöld er einn stærsti gjaldaliður í rekstri fasteigna Íslandshótela og Vestureigna. Um er að ræða gjöld sem hafa tekið verulegum hækjunum á undanförnum árum ekki síst vegna breytinga á matsgrundvelli fasteigna í atvinnurekstri árið 2015 en síðan þá hefur verið stuðst við svokallaða tekjuaðferð við ákvörðun fasteignamats sem tekur mið af tekjustreymi atvinnuhúsnaðis. Nú er ljóst að forsendur tekjustreymis þessara fasteigna er brostinn tímabundið og það er afar mikilvægt að allir átti sig á því að sá tekjubrestur er algjör en ekki að hluta. Sveitarfélög sem njóta góðs af háum fasteignasköttum í gegnum tekjustreymsaðferð við árlega álagningu fasteignamats verða að hafa siðferðisstyrk og skilning á fullkomlega óstýranlegum aðstæðum (Force majeure) og falla frá þeim sköttum þegar svona tímabundnar utanaðkomandi og ófyrirséðar ástæður valda því að tekjur atvinnuhúsnaðis hverfa með öllu.

Að því er varðar þjónustugjaldahluta fasteignagjalda eru í þeim tilvikum um að ræða gjöld fyrir veitta þjónustu. Þegar enginn er starfsemin þar sem engir viðskiptavinir nota hótelin má ljóst vera að enginn er þjónustan. Þegar enginn er þjónustan er enginn grundvöllur fyrir gjaldtökunni. Hvort sem litið er til álita umboðsmanns Alþingis eða dómstóla hafa valdheimildir opinberra aðila eins og sveitarfélaga við töku þjónustugjalda verið takmarkaðar við það að beint samband sé milli gjaldtökunnar og sannanlegrar veitrar þjónustu. Af fyrrnefndum ástæðum er því farið fram við Snæfellsbæ sem og önnur sveitarfélög sem bréf þetta mun taka

til falli frá innheimtu þjónustugjaldahluta fasteignagjalda fyrir apríl og maí 2020 þar sem ljóst má vera að tekjur Íslandshótel og Vestureigna, og veitt þjónusta verður enginn.


Hér er því formlega farið fram á við Snæfellsbæ sem og önnur sveitarfélög, þar sem Íslandshótel og dótturfélög eru með fasteignir sínar í hótelrekstri, felli niður fasteignaskatta og fasteignagjöld í apríl og maí 2020.

Í kjölfar heimfaraldurs Covid-19 verða allir að leggjast á eitt ef takast á að bjarga fyrirtækjum og innviðum íslenskrar ferðabjónustu og þar með að verja möguleika til framtíðartekna hjá stærstu útfluningsatvinnugrein þjóðarinnar.

Þess er sérstaklega óskað að erindi þetta fái sérstaka flýtimeðferð innan Snæfellsbæjar og þeirra sveitarfélaga sem bréf þetta er sent til. Þá er þess farið á leit að á meðan erindi þetta sætir meðferð séu fasteignagjöld viðkomandi sveitarfélaga ekki innheimt vegna apríl og maí 2020.

Meðfylgjandi bréfi þessu er að finna yfirlit yfir eignir Vestureignir sem um ræðir hjá Snæfellsbæ.

Virðingarfyllst
f.h. Íslandshótel hf. og Vestureignir ehf.


Kolbrún Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Sambærileg bréf send til:

Reykjavíkurborg
Vesturbyggð
Stykkishólmsbær
Sveitarfélagið Hornafjörður
Norðurþing
Borgarbyggð
Skútustaðahreppur
Skaftárhreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Eignir Vestureigna í Snæfellsbæ

<u>F2336078</u>	Brekkubæjarland , Breiðuvíkurhreppur	Ræktunarland 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2113920</u>	Brekkubær , Breiðuvíkurhreppur	Jörð 00	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2246814</u>	Brekkubær lóð , Breiðuvíkurhreppur	Gestahús 010101	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2231653</u>	Brekkustígur 1, Breiðuvíkurhreppur	Brekkubær 010101	18.10.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336084</u>	Brekkustígur 10, Breiðuvíkurhreppur	Ræktunarland 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336085</u>	Brekkustígur 11, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336086</u>	Brekkustígur 13, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336087</u>	Brekkustígur 15, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336088</u>	Brekkustígur 17, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336089</u>	Brekkustígur 19, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336090</u>	Brekkustígur 21, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336081</u>	Brekkustígur 4, Breiðuvíkurhreppur	Opið svæði 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336082</u>	Brekkustígur 6, Breiðuvíkurhreppur	Ræktunarland 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2231657</u>	Brekkustígur 7, Breiðuvíkurhreppur	Skjólbrekka 010101	30.5.2018	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2236740</u>	Brekkustígur 8, Breiðuvíkurhreppur	Gistihús 010101	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF
<u>F2336083</u>	Brekkustígur 9, Breiðuvíkurhreppur	Íbúðarhúsalóð 01	18.5.2017	Staðfest í Þinglýsingarhluta LF

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 HELLISSANDI

Kópavogi, 16. mars 2020.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2020.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárfamlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlöganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til apríllokna.

Vil ég vekja sérstaka athygli á því í reglum úthlutunarsjóðs er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélagini hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Sigrún Sveinbjörnsdóttir.
Sigrún Sveinbjörnsdóttir.
Fulltrúi



Snæfellsbær, b.t. bæjarstjóra
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Stykkishólmi, 30. mars 2020

Efni: Athugasemdir við kynningarfundi Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar.

Á 177. fundi Breiðafjarðarnefndar þann 27. febrúar 2020 var tekin fyrir bókun Stykkishólmssbæjar vegna erindis Ásgeirs Gunnars Jónssonar þar sem hann kemur á framfæri athugasemdum varðandi framgöngu, yfirlýsingar og stefnu Breiðafjarðarnefndar, m.a. á kynningarfundi um framtíð Breiðafjarðar í Stykkishólmi þann 22. janúar sl.

Breiðafjarðarnefnd þakkar Stykkishólmssbæ erindið og tekur heilshugar undir afgreiðslu bæjarstjórnar um mikilvægi viðtæks samráðs og að tryggja áframhaldandi meirihluta heimamanna við stjórн svæðisins.

Vegna bréfs Ásgeirs Gunnars vill nefndin koma eftirfarandi á framfæri við sveitarfélagið:

Breiðafjarðarnefnd er að meirihluta skipuð fulltrúum sveitarfélaga við fjörðinn. Hún telur mikilvægt að hafa náið samráð við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila við Breiðafjörð um móturn framtíðar svæðisins. Nefndin hefur samþykkt að á árinu 2020 verði lögð áhersla á samantekt efnis um valkost fyrir framtíð Breiðafjarðar. Fræðslufundir í sveitarfélögum við fjörðinn eru hluti af þeirri vinnu en samráð og samtal heldur svo áfram. Afrakstur vinnunnar verður tekinn saman í greinargerð sem send verður sveitarfélögum til umsagnar. Að lokum verður niðurstöðu vinnunnar skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra. Rétt er að áréttu að nefndin tekur engar ákvarðanir um framhaldið en hún leggur fram sínar tillögur til ráðherra, í samræmi við hlutverk nefndarinnar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Framtíð Breiðafjarðar

Markmið nefndarinnar er að tryggja góða framtíð Breiðafjarðar. Í því felst m.a. að við fjörðinn þrifist áfram öflugt samfélag sem byggir á fjölbreyttum stoðum og nýtir auðlindir á sem sjálfbærastan máta. Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að stýringu svæðisins.

Fræðslufundirnir sem nefndin hefur staðið fyrir í sveitarfélögum við fjörðinn, og er vísað til í erindi Ásgeirs Gunnars, voru hugsaðir sem almenn kynning á þeim kostum sem til staðar eru fyrir svæðið. Þeir helstu eru að: a) endurskoða núverandi lög, b) tilnefna svæðið á Ramsarskrá, c) tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða d) gera svæðið að þjóðgarði. Á fundunum hefur nefndin hvatt til umræðna og fyrirspurna til þess sem flest sjónarmið kæmust til skila til nefndarinnar. Það er ljóst, óháð því hvaða leið verður í



endanlegum tillögum nefndarinnar, að lagt verður í enn frekari kynningu og samráð um hana þegar þar að kemur.

Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar

Ef niðurstaðan verður að hafa svæðið áfram undir sérstökum lögum um vernd Breiðafjarðar, þá er Breiðafjarðarnefnd þó á einu máli um mikilvægi þess að endurskoða og uppfæra lögini til nútímalegs horfs. Nefndin hefur þegar sent umhverfisráðherra greinargerð þar sem að hún útlistar áhersluatriði nefndarinnar hvað þetta varðar. Greinargerðin hefur verið birt á heimasíðu nefndarinnar undir liðnum „Framtíð Breiðafjarðar“.

Þjóðgarður við Breiðafjörð

Verði niðurstaða nefndarinnar að leggja til við ráðherra að stofna þjóðgarð í Breiðafirði og ráðherra héldi áfram með málið er óvist að Breiðafjarðarnefnd kæmi að þeirri vinnu. Við stofnun þjóðgarða nú á tímum er lögð áhersla á að útfærsla, skipulag og uppbygging þjóðgarða sé unnin í nánu samráði við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Um þjóðgarða eru smíðaðar verndar- og nýtingaráætlanir þar sem lögð er áhersla á að finna samhljóm allra hagsmunaaðila. Nokkuð víst er að stuðst yrði við svipað stjórnskipulag og er í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem heimamenn eiga meirihluta í nefndum og ráðum sem taka stefnumótandi ákvarðanir um svæðið.

Þjóðgarður er fyrirkomulag sem veitir meðal annars tæki til þess að stýra umferð ferðamanna um Breiðafjarðarsvæðið en sí breyting á náttúruverndarlögum nr. 60/2013, þar sem lagt er til að landeigendur hafi meiri rétt til að ákveða hvort land þeirra í byggð sé nýtt undir endurteknar skipulegar hópferðir í atvinnuskyni, dugar ekki til skilvirkar stýringar.

Breiðafjörður á Ramsarskrá

Ramsarsamningurinn var upphaflega gerður til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda á votlendissvæðum. Það er því ljóst að skráning á lista yfir Ramsarsvæði hefði ekki þau áhrif að lokað yrði fyrir nýtingu. Skráning felur aftur á móti í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni og þjónustu vistkerfa. Lög viðkomandi ríkis gilda þó ávallt, svo sem skipulagslöggjöf og lög um náttúruvernd. Svæðið myndi ekki afsala sér réttindum á landi og stjórnun þess en skrifstofa samningsins gæti veitt stuðning og ráðgjöf varðandi stýringu svæðisins. Ef til þess kæmi að framkvæmdir á svæðinu myndu skerða verulega verndargildi þess gætu athugasemdir borist frá samningnum. Það gæfi stjórnvöldum tækfæri til að bregðast við eða þá að svæðið yrði tekið af skránni.

Breiðafjörður á heimsminjaskrá

Til þess að svæði sé gjaldgengt á heimsminjaskrá UNESCO þarf því að vera stýrt á skilvirkjan hátt og um það þarf að gilda formleg verndar- og nýtingaráætlun. Slíka áætlun er ekki hægt að vinna öðruvísi en í nánu samráði við sveitarfélög, íbúa, landeigendur, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila. Skráning svæða á heimsminjaskrá er alþjóðlega viðurkennd aðferðafræði sem þekkt er um allan heim og setur svæðið á ákveðinn stall með merkilegustu náttúru- og menningarminjum heimsins, sem sérstök heimasíðuð lög



BREIÐAFJARDARNEFND

um verndun gætu aldrei gert. Um svæði á heimsminjaskrá UNESCO gildir það sama og um Ramsar að stjórnun svæðisins yrði áfram hjá heimafólki en stuðningur og ráðgjöf fylgdi skráningunni.

Að gefnu tilefni vill nefndin áréttu að hún lítur svo á að óháð því hvaða leið verður valin, muni lög um stjórn fiskveiða áfram halda gildi sínu og stjórn og eftirlit með fiskveiðum verða áfram í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Breiðafjarðarnefnd telur að það hefði verið vanhugsað af nefndinni að einblína aðeins á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin kaus heldur að nýta tækifærið og skoða alla kosti sem til staðar eru og leita álits um þá áður en lengra er haldið.

Virðingarfyllst,
f.h. Breiðafjarðarnefndar,

Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar

Samrit sent til bæjarstjóra Stykkishólms, bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar, oddvita Helgafelssveitar, sveitarstjóra Dalabyggðar, sveitarstjóra Reykhólahrepps, bæjarstjóra Vesturbyggðar og Ásgeirs Gunnars Jónssonar.

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir því til sveitarfélaga að hrinda í framkvæmd eins og kostur er eftirfarandi hugmyndum og ábendingum að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum. Sambandið hvetur ríkisstjórn og Alþingi að gera viðeigandi ráðstafanir svo þær verði að veruleika. Stjórn sambandsins mun áfram fylgjast vel með áhrifum þessa samdráttar og móta frekari tillögur að viðbrögðum sveitarfélaga eftir því málum vindur fram.

I. Fasteignagjöld og gjaldskrár

- a) Sveitarfélög kanni möguleika á að fresta a.m.k. tveimur gjalddögum fasteignagjalda, með sams konar hætti og ríkið kann að bjóða fyrirtækjum að fresta gjalddögum staðgreiðslu og tryggingargjalds, hjá einkafyrirtækjum sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19. Sveitarfélög setji sér reglur um þau viðmið sem koma til greina við veitingu slíkra fresta. Horft verði til þeirra skilgreininga sem ríkið mun beita við slíkar ákvarðanir.
- b) Unnið verði að móturn frekari tillagna á næstu tveimur mánuðum um hvernig koma megi til móts við fyrirtæki sem fjallað er um í staflið a.
- c) Við ákvörðun álagningarhlutfalls fasteignaskatts í flokkum A og C árið 2021 verði horft til þess að skattar hækki í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar milli ára en ekki hækkun fasteignamats.
- d) Sveitarfélög kanni möguleika á lækkun gjaldskrár og tímabundinnar lækkunar eða niðurfellingar tiltekinna gjalda. Þessum stuðningi verði fyrst og fremst beint að einstaklingum og fjölskyldum sem verða fyrir atvinnumissi og í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun.
- e) Á árinu 2021 verði haldið aftur af gjaldskrárhækkunum sem kostur er.

II. Framkvæmdir

- a) Viðhaldsframkvæmdir sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja verði auknar og þeim flýtt eins og kostur er, umfram það sem er í gildandi fjárhagsáætlunum ársins 2020 og í áætlunum fyrir árið 2021 .
- b) Tekin verði upp endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.
- c) Ráðist verði í fráveituframkvæmdir eins fljótt og kostur er, enda fái sveitarfélög stuðning frá ríkinu sem nemur ígildi virðisaukaskatts vegna framkvæmdanna.
- d) Flýtt verði stofnframkvæmdum á vegum sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja.
- e) Aukinn verði stuðningur Framkvæmdasjóðs aldraðra við viðhaldsframkvæmdir og stofnkostnað við hjúkrunarheimili. Stuðningi skal forgangsraða til verkefna sem eru full hönnuð og hæf til framkvæmda með litlum fyrirvara.
- f) Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýttur í auknum mæli, ásamt stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, til uppbryggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk og til að bæta aðgengi fatlaðra að mannvirkjum og útvistarsvæðum.
- g) Tilraunaverkefnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um stuðning til að örva byggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst í samvinnu við þau sveitarfélög sem í hlut eiga.

III. Atvinnuátaksverkefni og vinnumarkaður

- a) Sveitarfélög skilgreini og bjóði allt að 1.000 störf í atvinnuátaksverkefnum í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð.
- b) Þess verði sérstaklega gætt að ný störf henti konum og fólk af erlendum uppruna.
- c) Í þeim tilgangi að auka atvinnumöguleika fólks af erlendum uppruna í atvinnuleit á Íslandi verði ráðist í veglegt átak í íslenskunámi fyrir viðkomandi og veiti sveitarfélög og ríki sérstakan fjárstuðning til þeirra sem námið sækja.
- d) Beina skal styrkjum úr nýsköpunarsjóðum til einyrkja og til kvennastarfa.
- e) Það er sveitarfélögum kappsmál að standa vörð um störf á þeirra vegum þrátt fyrir horfur um versnandi fjárhagsstöðu á næstu misserum.

IV. Markaðsátaskerfi í ferðaþjónustu

- a) Landshlutamamtök sveitarfélaga verði hvött til að breyta áherslum við mótna söknaráætlana fyrir næstu ár þannig að aukinn þungi beinist að ferðaþjónustutengdum verkefnum og átaki til kynningar á ferðaþjónustu í heimabyggð.
- b) Sveitarfélög, stofnanir, sjóðir og fyrirtæki auki mótfamlög sín í söknaráætlunarverkefni er lúta að eflingu ferðaþjónustu.

V. Laga- og reglugerðarbreytingar og skattheimta


- a) Lögum verði breytt svo sveitarfélögum verði heimilt að fresta gjalddögum fasteignagjalda.
 - b) Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármálareglur sveitarfélaga verði rýmkuð með því að jafnvægisreglu og skuldareglu verði tímabundið vikið til hliðar.
 - c) Viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup um útboðsskyldu sveitarfélaga verði rýmkaðar tímabundið.
 - d) Áhættuvog sveitarfélaga í áhættugrunni lánastofnana verði lækkuð úr 20% í 0%. Þessari aðgerð er ætlað að skila betri vaxtakjörum fyrir sveitarfélög og bæta möguleika Lánaþjóðs sveitarfélaga að veita stærri sveitarfélögum aukin lán.
 - e) Sett verði lög um stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.
 - f) Sett verði lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.
 - g) Engir nýir skattar og gjöld verði lögð á opinbera þjónustu sveitarfélaga, s.s. urðunarskattur.
-

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi:
Sendandi:
Dagsetning:
Málsnúmer:
Bréfalykill:

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfelaga
Guðni Geir Einarsson
24.03.2020
SRN20030082
7.19.0



Efni: Covid-19 - Viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa

Stofnað hefur verið viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa sem mun vinna með markvissum hætti að því að draga úr rofi á þjónustu. Teymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp getur komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísu, m.a. ef upp kemur sú staða að ekki sé mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinna hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma. Í viðbragðsteyminu eru fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, almannavarnardeildar ríkislöggreglustjóra, félagsmálastjóra sveitarfélaga, fræðslustjóra sveitarfélaga og Gæða- og eftirlitsstofnunnar félagsþjónustu og barnaverndar. Til ráðgjafar teyminu verða stjórnendur í velferðarþjónustu og aðrir sem sinna hagsmunagæslu og/eða þjónustu við viðkvæma hópa.

Aðkoma samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að verkefninu er hugsuð með fjárfamlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga. Tillögur þessa efnis hafa verið unnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og varðar leiðir til að koma viðbótarframlögum til sveitarfélaga vegna þeirra áskorana sem þau standa frammi fyrir vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

Aðkoma sjóðsins gæti verið með tvennum hætti:

Annars vegar er mögulegt að nýta heimild í reglugerð 351/2002 um jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla þar sem segir að heimilt sé að ráðstafa framlögum til sveitarfélaga á grundvelli umsóknar vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla sem leiði til útgjalda umfram tekjur.


Mögulegar fjárhæðir 75-100 m.kr.

Hins vegar er mögulegt að breyta 8. gr. reglugerðar um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk þar sem heimilt yrði að veita sérstök viðbótarframlög til svæða til þess að jafna sveiflur sem fram koma í útgjöldum milli ára og sérstaklega má rekja til aðgerða til varnar því að rof verði á þjónustu við fatlað fólk vegna samfélagsaðstæðna.

Mögulegar fjárhæðir 175-200 m.kr.

Samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlunum er svigrúm til að koma til móts við aðgerðir eins og hér eru lagðar til. **Heildarfjárhæð framlaga gæti numið á bilinu 250-300 m.kr.**

Þess ber að geta að óljóst er með hugsanlegt tekjufall sjóðsins vegna lækkaðra útsvarstekna sveitarfélaga vegna Covit-19.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 30. mars 2020

2003041SA KB

Málalykill: 01.20

Efni: Aðgerðaáætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili - COVID-19

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 27. mars 2020 voru lagðar fram hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við þjóðarbúskapnum, sem sendar voru til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga 19. mars 2020, ásamt frekari gögnum um málið, sem nálgast má á heimasíðu sambandsins.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ánægju með að þær aðgerðir sem sambandið hefur lagt fram hafi nýst sveitarfélögnum. Stjórn leggur áherslu á að áfram verði unnið að framgangi þeirra í samráði við ríkisstjórn og að fylgst verði vel með þróun mála og nýjar hugmyndir mótaðar eftir því sem fram vindur. Stjórn hvetur jafnframt sveitarfélögin til að móta frekari hugmyndir sem nýtast atvinnulífinu og íbúum á þessum erfiðu tímum í sínu nærsamfélagi.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Til allra sveitarfélaga á Íslandi

Hafnarfirði, 26. mars 2020

Tilvisun: 2003619

Efni: Veirusjúkdómur í kanínum

Vegna veirusjúkdóms sem upp er kominn í kanínum í Reykjavík er nauðsynlegt að sveitarfélög á öllu landinu séu vakandi yfir heilbrigði kanína á stöðum þar sem er þekkt að kanínur haldi sig.

Samkvæmt 7. gr. um hjálparskyldu í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, skal koma dýri til hjálpar þegar það er sjúkt. Sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til þessara aðgerða sé um villt eða hálfvillt dýr að ræða. Hálfvillt dýr eru dýr sem ekki eru merkt í samræmi við 22. gr. laganna og ganga laus. Sveitarfélag ber allan kostnað sem stofnað er til vegna þessa þegar um er að ræða hálfvillt dýr.

Þar sem engin lækning er til við sjúkdómnum ber að aflífa veikar kanínur sem allra fyrst. Þess vegna er nauðsyn á minnst daglegu eftirliti á þeim stöðum þar sem kanínur halda sig, á meðan faraldurinn gengur yfir. Fanga þarf þær kanínur sem eru veikar og annaðhvort færa þær til aflífunar hjá dýralækni eða kalla hann til á staðinn til aflífunar, sem gæti verið heppilegra m.t.t. smitvarna.

Í reglugerð nr. 80/2016 er m.a. fjallað um velferð kanína. Dýralæknum er einum heimilt að aflífa gæludýr, nema í neyðartilfellum þegar fullreyst er að ekki næst í dýralækni og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl valdi dýrinu óbærilegum kvöllum eða séu banvæn.

Hræ af kanínum eru skilgreind sem sóttmengaður úrgangur. Því ber að farga/eyða hræjunum sem slíkum.

Ef aðilar leita eftir því við sveitarfélög að fá að fanga hálfvilltar kanínur sem virðast vera frískar, í því skyni að koma þeim til hjálpar, getur sveitarfélagið gert samning um það við viðkomandi aðila skv. 24. gr. laga nr. 55/2013.

Í samningi þarf að koma fram:

- Skylt er að lesa af einstaklingsmerkjum og hafa upp á umráðamanni ef hann er skráður.
- Ómerkt dýr er hægt að afhenda nýjum eiganda strax, en eignarhald tekur ekki gildi fyrr en eftir two sólarhringa.
- Nýir eigendur/umráðamenn dýranna þurfa að uppfylla ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra, meðal annars um merkingar og skráningar (22. gr. laganna), skjól, fæði og umönnun.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, vinsamlegast sendið fyrirspurn á mast@mast.is.



Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Póra Jónasdóttir".

Með kveðju, / Best regards,
Póra Jónasdóttir, DVM, PhD

Dýralæknir gæludýra og dýravelferðar / Veterinary Officer for Pet Diseases and Animal welfare
Heilbrigði og velferð dýra / Office of Animal Health and Welfare



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority
Austurvegi 64 - 800 Selfoss - Iceland
Sími/tel: (+354) 530 4800 - Fax: (+354) 530 4801 - www.mast.is